

Borgarstiórn

1. september 2020

Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um að umhverfis- og skipulagsyfirvöld kynni sér starfshætti hjá fleiri þjóðum varðandi myglu og rakaskemmdir

Tillaga Flokks fólksins um að umhverfis- og skipulagsráð/svið Reykjavíkurborgar kynni sér starfshætti hjá fleiri þjóðum t.d. Þjóðverjum og Dönnum sem hafa náð góðum árangri í aðgerðum sem varða rakaskemmdir í opinberu húsnæði. Loftgæðamál vegna rakaskemmda og annara ástæðna er stórt vandamál í sumum skólum og vinnustöðum Reykjavíkurborgar og fer stækkandi. Afleiðingar hafa verið skelfilegar fyrir marga. Víða í þeim löndum sem náð hafa hvað mestum árangri í aðgerðum sem varða rakaskemmdir t.d. í Þýskalandi eru notuð sérhæfð loftefnahreinsitæki til að bæta loftgæði tímabundið í skólastofum og öðrum rýmum sem eru loftmengudu og þegar verið er að vinna í menguðum rýmum við hlið rýma sem eru í notkun. Einnig eru þau notuð til þess að bæta líðan nemenda og starfsfólks og gefa sérfræðingum meira svigrúm til að meta skemmdir og grípa til aðgerða. Þá eru menguðu rýmin innsiglið og aðskilin frá öðrum rýmum og loftefnahreinsitækin notuð til aðstoðar. Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að Reykjavíkurborg skoði þessar aðferðir með opnum hug. Eftir því sem fulltrúi Flokks fólksins hefur kynnt sér þá var þessi leið farin í einum af skólum borgarinnar og tókst vel til. Loftefnahreinsitækin virkuðu og ættu því að virka samhliða viðgerðum í öðrum skólum Reykjavíkurborgar til að bæta líðan og minnka kostnað.

Greinargerð:

Loftgæðavandinn í skólum og öðrum byggingum í eigu borgarinnar er ekki nýr. Vandinn er mikið tilkominn vegna áralangrar vanrækslu borgaryfirvalda að viðhalda húsakosti skóla og fleiri bygginga borgarinnar. Afleiðingar hafa verið slæmar fyrir fjölda nemenda og starfsfólks. Nemendur hafa mátt dúsa of margir í litlum loftgæðum og jafnvel þótt skólastjórnendur hafi ítrekað kvartað hefur verið brugðist seint og illa við í mörgum tilfellum. Nemendur og starfsfólk hafa kvartað yfir slappleika, höfuðverk, auknu mígreni og annarri vanlíðan vegna ástandsins í sumum skólum. Spurning er hvort bestu aðferðum hafi verið beitt í glímunni við raka og myglu. Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að fulltrúar umhverfismála borgarinnar kynni sér starfshætti frá fleiri þjóðum t.d. Þjóðverjum sem hafa náð góðum árangri í aðgerðum sem varða rakaskemmdir í opinberu húsnæði.

Hér er um að ræða aðferðir sem skilað hafa góðum árangri í öðrum löndum eins og Danmörku og Þýskalandi. Einnig hafa þessar aðferðir verið notaðar hér á landi í öðrum sveitarfélögum og á vegum Ríkiseigna eftir því sem borgarfulltrúi Flokks fólksins kemst næst. Ekki þarf að rýma heilu byggingarnar, heldur er hægt að einangra ákveðin skemmd svæði og halda starfsemi áfram með sem minnstu raski. Þessar aðferðir bæta líðan nemenda og starfsfólks á undan og á meðan framkvæmdatíma stendur auk þess að geta minnkað kostnað.

Auðvitað koma loftefnahreinsitæki aldrei í staðinn fyrir viðgerðir en virka vel sem aðstoð á framkvæmdatíma og einnig fyrir mjög næma einstaklinga þó loftgæði teljist almennt í lagi. Sérfræðingar borgarinnar á þessu sviði þurfa endilega að kynna sér aðferðir í öðrum leiðandi löndum og ekki trúna í blindni á aðferðir einstaka verkfræðistofa hér á landi. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að borgaryfirvöld skoði þetta með opnum hug. Hér eru á ferðinni aðferðir sem virðast skila árangri og kosta minna.